

Aðalfundur FIMAK 10. September 2020

Fundarefni:

1. Fundarsetning og ávarp formanns. Ívar setur fundinn en mjög góð mæting er í þetta skiptið.
 2. Kjör fundarstjóra og fundarritara. Stjórn leggur til að Geir Kristinn Aðalsteinsson verði fundastjóri og Aðalheiður Reynisdóttir verði fundaritari. Samþykkt með meirihluta atkvæða.
 3. Staðfest lögmæti fundarins. Fundur var boðaður **29. apríl** og því löglega til fundarins boðað. En honum var frestað í vor sökum COVID. Fundurinn er því löglegur og haldið áfram með fundadagskrá.
 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram og gefst þeim sem mættir eru tækifæri til að lesa yfir hana.
 5. Skýrsla aðalstjórnar, framkvæmdarstjóra og nefnda. Ívar flytur skýrslu stjórnar.
 6. Reikningar félagsins. Laufey kynnir reikninga félagsins.
 7. Umræður um skýrslur. Útistandandi æfingagjöld upp á 2 milljónir. Ellert spyr hvort það sé mikið afskrifað eða hvort það fari í innheimtu.
 8. Reikningar bornir undir atkvæði. Reikningur er samþykktur
 9. Lagabreytingar. Engar lagabreytingar liggja fyrir.
 10. Kosning formanns. Aðalsteinn Helgason einn í framboði. Réttkjörinn.
 11. Kosning stjórnarmanna og 2 varamanna. Guðmundur Karl Jónsson hættir í stjórn. Rannveig Inga Ómarsdóttir, Íris Ósk Tryggvadóttir og Inga Stella Pétursdóttir eru áfram eitt ár. Guðný, Aðalheiður og Laufey gefa kost á sér til tveggja ára. Eitt mótframboð úr sal frá Ásdísi Halldóru.
Kjörnir í stjórn eru Aðalheiður, Guðný og Laufey.
- Einnig kemur fram að kynjahlutfallið sé 6/1 bæði varðandi stjórnarmenn og hlutfall hjá foreldrum F og K hópa.
- Ábending úr sal að hugsanlega mætti setja það í lög að stjórnarmenn geti ekki setið lengur en í einhvern x tíma.
- Kjósa þarf um sætin. Óljóst með framkvæmd og atkvæðarétt og Geir Kristinn leggur til að þetta ákvæði í lögum verði endurskoðað.
- Varamenn kosnir Hafdís Björg Hjálmarsdóttir og Ásdís Halldóra Hreinsdóttir.
12. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga fyrir næsta starfsár. Rannveig Jóhannsdóttir og Sverrir Gestsson kjörin skoðunarmenn.
 13. Ákvörðun styrktarfélagsgjalda. Síðasta ár var 2000 kr. gjald. Lagt til að gjaldið verði hækkað í 2500 að lágmarki og er það samþykkt.
 14. Önnur mál.
- Ívar tekur til máls og þakkar fyrir tvö síðustu ár sem formaður. Ánægður að sjá hversu margir eru mættir á fund og láta sér félagið varða.



Spurning úr sal um sameiningarmál. Ívar skýrir afstöðu stjórnar og Geir Kristinn fer í hvernig bærinn sér þetta á næstu árum.

Spurning um starfsmannamál og hvað sé í gangi þar. Auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra og þjálfurum bæði áhalda- og hópfimleikamegin. Ívar útskýrir hvernig málin standa.

Fram kemur að það sé mikilvægt að koma á fót foreldraráði sem myndi til dæmis sjá um fjáraflanir og að vera tengiliður frá foreldrum til stjórnar.

Bent á að mögulega finni börnin að það séu samskiptavandamál í salnum. Mikilvægt að börnunum líði vel á æfingum og hafa gaman af því að mæta og vera.

Spurning frá Ellert hvort félagið hafi farið í einhverja stefnumótun.

Geir Kristinn formaður ÍBA lokar fundinum. Talar um að það hafi gustað um félagið en nú sé tækifæri til að snúa bökum saman og gera félagið enn betra.

Fundi slitið 22:05